

Nd.

338. Frumvarp til laga

[191. mál]

um málflytjendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

I. KAFLI

Lögmenn.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Aðilja er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er lög-
hæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem geta ekki
sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefur slíkur maður engan lög-
ráðanda og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur
félags eða stofnunar fara með mál þeirra.

Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að
feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdforeldri eða tengdabarn, stjúp-
foreldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

Ef mál er rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík,
Gullbringusýslu, Kjósarsýslu eða á Akureyri og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt
eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áður sögðu, skal hann
fela meðferð þess lögmanni, og tekur þetta til fólga-, skipta- og uppboðsdóms, eftir
ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja. Í greindum lögsagnarumdæmum
má maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann
standi í áður nefndu sambandi við aðilja eða sé lögmaður. Með sömu takmörkunum
hafa hæstaréttarlögmenn einkarétt til málflutnings fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum stjórnar samtaka dómara og
stjórnar Lögmannafélags Íslands, ákveðið, að fyrirmæli 3. mgr. um einkarétt lög-
manna skuli og taka til annarra lögsagnarumdæma, þar sem ekki er hörgull á
lögmonnum.

2. gr.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt
því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

Starfsfólk lögmanna er einnig bundið þagnarskyldu um slík trúnaðarmál, sem
það kann að komast að í starfi sínu.

3. gr.

Nú sækir lögmaður eða tilkynntur fulltrúi hans, sbr. 6. gr., dómþing fyrir
aðilja, og skal hann þá talinn hafa gilt málflutningsumboð, nema annað sé sannað.

Í málflutningsumboði felst, nema öðru vísi sé mælt, heimild til að framkvæma
sérhvað það, sem venjulegt er til flutnings slíks máls fyrir dómi. Umbjóðandi er
bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns, bæði um form
og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðilja sínum í óhag.
Ef umbjóðandi hefur takmarkað umboð gagnaðilja sínum í hag, er takmörkunin
bindandi fyrir umbjóðanda sem málflutningsyfirlýsing fyrir dómi.

Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til
að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt til þess að koma máli
fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðilja með öllum lögleg-
um hætti.

4. gr.

Lögmenn, er sjálfstæða starfsemi reka, skulu hafa opna skrifstofu innan lög-
sagnarumdæmis þess, þar sem þeir eiga lögheimili eða þar í grennd. Skulu þeir
tilkynna dómsmálaráðherra og Lömannafélagi Íslands um skrifstofustað sinn.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands, ákveðið, hvenær lögmannsskrifstofur skuli vera opnar almenningi.

5. gr.

Skýlt er lögmonnum að inna af hendi þau störf, er aðilar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt að fela þau öðrum lögmonnum ef nauðsyn krefur.

Lögmanni er heimilt að láta fulltrúa sinn, sbr. 6. gr., sækja þing í málum fyrir héraðsdómi, nema um munnlegan málflutning sé að ræða.

6. gr.

Rétt er lögmanni að taka sér fulltrúa, hvern þann, sem lokið hefur embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenskum lögum, er lögráður og hefur forræði fjár síns.

Sá lögmaður, sem tekur sér fulltrúa samkvæmt 1. mgr., skal þegar í stað tilkynna það héraðsdómurum í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann hefur opna skrifstofu, svo og Lögmannafélagi Íslands. Tilkynna skal hann sömu aðiljum, þegar fulltrúinn hættir störfum hjá honum.

Lögmaður, er ræður í þjónustu sína annan lögmann, skal þegar tilkynna það Lögmannafélagi Íslands, svo og þegar þjónustunni lýkur.

Lögmaður ber ábyrgð á störfum fulltrúa síns og annarra starfsmanna.

7. gr.

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og herra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um bersýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir málflutningsstarf lögmanns er ekki bindandi fyrir viðskiptaaðila hans.

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða skipuðum lögmanni málflutningslaun hans með dómi í aðalmálinu.

8. gr.

Lögmenn skulu hafa með sér félag, er nefnist Lögmannafélag Íslands, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnvöldum. Samþykktir félagsins og breytingar á þeim skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar. Samþykktir og breytingar á þeim taka eigi gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ráðherra.

9. gr.

Stjórn Lögmannafélags Íslands ber að hafa eftirlit með því, að félagsmenn fari að lögum og góðum lögmannsháttum í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samvirkusemi.

Telji stjórnin, að félagsmaður hafi brotið starfsskyldur sínar eða hegðað sér á annan hátt þannig, að eigi sæmi lögmanni, skal hún þegar í stað tilkynna það lögmannsdómi, sbr. 11. gr., og senda honum skýrslu og gögn sín um málið.

10. gr.

Lögmannafélag Íslands skal velja tvo menn í lögmannsdóm. Skulu menn þessir kjörnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Á sama hátt skal kjósa tvo varamenn. Einn aðalmaður og einn varamaður skulu ganga úr dómnum ár hvert.

Hæstiréttur skipar formann lögmannsdóms til þriggja ára í senn svo og varaformann til sama tíma. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir í fast dómaraembætti.

Varamenn taka sæti, þegar aðalmenn eru forfallaðir eða vanhæfir til að skera úr einstöku máli.

Lögmannafélag Íslands skal bera allan kostnað af lögmannsdómi. Dómsmálaráðherra úrskurðar um þóknun til dómenda að fengnum tillögum stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Dómsmálaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um kjör dómenda og starfshætti lögmannsdóms.

11. gr.

Rísi ágreiningur milli lögmanns og umbjóðanda hans um endurgjald fyrir málflutningsstarf getur umbjóðandinn borið þann ágreining undir lögmannsdóm, sem úrskurðar málið.

Komi fram fyrir lögmannsdómi, með skýrslu stjórnar Lögmannafélags Íslands, sbr. 2. mgr. 9. gr., eða á annan hátt, að lögmaður hafi brotið starfsskyldur sínar, hagað sér andstætt góðum lögmannsháttum eða á þann hátt, sem telja má lögmannastéttinni ósamboðið, skal dómurinn þegar í stað taka málið til rannsóknar. Telji lögmannsdómur ástæðu til áfellis getur hann með úrskurði veitt hinum seka áminningu eða gert honum að greiða féviti allt að kr. 50 000 þúsund, er renni í sameignardeild Lífeyrissjóðs lögmannna.

Aldrei má lögmannsdómur úrskurða mál samkvæmt 1. og 2. málsg. r., nema aðiljum hafi verið gefinn kostur á að skýra mál sitt.

Innan viku frá uppkvaðningu úrskurðar samkvæmt 1. og 2. mgr. skal lögmannsdómur senda dómsmálaráðuneytinu endurrit hans.

Úrskurðir lögmannsdóms samkvæmt 1. og 2. mgr. eru aðfararhæfir og sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæruheimild hafa dómsmálaráðherra og aðiljar máls.

Telji lögmannsdómur, að brot lögmanns sé svo alvarlegt, að varða kunni refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum eða ástæða sé til að svipa lögmann lögmannsleyfi sínu, skal dómurinn þegar senda dómsmálaráðherra skýrslu um málið, gögn þess og rökstuddar tillögur um meðferð málsins.

12. gr.

Missi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflutnings, sbr. 13. gr. og 17. gr., eða fullnægi hann ekki skilyrðum um skrifstofu eða verði að afhenda leyfi sitt sbr. 24. gr., glatar hann rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er ástatt. Skal hann þegar í stað afhenda dómsmálaráðherra leyfisbréf sitt. Dómsmálaráðherra skal tilkynna dómstólum í lögsagnarumdæmi því, er lögmaðurinn síðast hafði skrifstofu, svo og Lögmannafélagi Íslands um leyfissmissinn. Falli niður ástæða til leyfissmissis, skal lögmaðurinn fá aftur málflutningsleyfi sitt að fenginni umsögn lögmannsdóms. Tilkynningu um þetta skal dómsmálaráðherra senda sömu aðiljum og tilkynnt var um leyfissmissinn. Ef leyfissvipting varðar hæstaréttarlögmann, skal Hæstarétti ætíð tilkynnt um hana.

Telji dómsmálaráðherra, að lögmaður hafi hagað sér andstætt góðum lögmannsháttum, eða á þann hátt, að eigi samrýmist lögmannsstarfi, en eigi sé ástæða til að senda málið til sakadómsmeðferðar, skal hann leita álits lögmannsdóms um hvort svipta skuli lögmanninn leyfi til málflutnings, annað hvort um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt, nema málið hafi borist frá lögmannsdómi sbr. 6. mgr. 11. gr. Að fengnu áliti lögmannsdóms getur dómsmálaráðherra svipt lögmanninn leyfinu.

Hafi lögmaður verið sviptur málflutningsleyfi samkvæmt 1. og 2. mgr., getur hann ávallt borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti, að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisvaldsins.

Um héraðsdómslögmennt.

13. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem:

1. Er 25 ára gamall.
2. Er lögráður og hefur forræði fjár síns.
3. Hefur íslenzkan ríkisborgararétt.
4. Hefur lokið prófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla samkvæmt íslenskum lögum.
5. Hefur starfað sem tilkynntur fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns í eitt ár og eftir þann tíma sýnt hæfni sína með flutningi tveggja munnlega fluttra mála. Enginn má þreyta raun þessa oftár en þrisvar. Prófmaður skal leggja fyrir héraðsdómara vottorð dómsmálaráðherra um að hann fullnægi öðrum skilyrðum til að vera héraðsdómslögmaður.

Lögfræðingur, sem skipaður hefur verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í fasta dómarastöðu samkvæmt 32. gr. laga nr. 85/1936 er undanþeginn ákvæði 1. mgr. 5. tl.

Leita skal álits stjórnar Lögmannafélags Íslands, áður en leyfi er veitt.

Heimilt er að synja manni um leyfi, ef 2. mgr. 68. gr. alm. hgl. á við um hagi hans.

Dómsmálaráðherra setur tvo prófdómendur til að dæma um málflutningsraun samkvæmt 1. mgr. 5. tl. 1. mgr. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun fyrir þetta starf og greiðist hún úr ríkissjóði.

14. gr.

Áður en manni er veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvirkusemi þau málflutningsstörf, sem honum kunni að verða falin.

15. gr.

Héraðsdómslögmonnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

16. gr.

Héraðsdómslögmonnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- og gjafvarnarmál, sem þeim verða falin í því lögsagnarumdæmi, sem þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér skipaðan ákveðinn héraðsdómslögmann, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

Ef mál er flutt munnlega, ber héraðsdómslögmanni að gera það sjálfur; þó er honum rétt að fela það öðrum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur.

Um hæstaréttarlögmennt.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti hverjum þeim lögmanni, sem:

1. Er 30 ára gamall.
2. Er lögráður og hefur forræði fjár síns.
3. Hefur íslenzkan ríkisborgararétt.

4. Hefur lokið prófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla samkvæmt íslenskum lögum.
5. Hefur starfað sem héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals eða um jafnlangan tíma gegnt embætti, sem lagapróf þarf til.
6. Hefur sýnt það með flutningi 3 mála fyrir Hæstarétti, að hann sé að dómi Hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður.

Enginn má þreyta prófraun þessa oftari en tvisvar. Sá, sem sækir um leyfi til að þreyta prófraun þessa, skal með umsókn sinni leggja fyrir réttinn vottorð dómsmálaráðherra um, að hann fullnægi skilyrðum 1.—5. tl. hér að framan, og umsögn stjórnar Lögmannafélags Íslands um prófraunarumsóknina.

Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá prófraun þessari að nokkru eða öllu leyti, ef réttinum er það kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að hann sé hæfur til að flytja mál fyrir Hæstarétti.

Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Peir, sem öðlazzt hafa rétt til málflutnings fyrir Hæstarétti samkvæmt heimild 1. gr. laga nr. 25/1953, halda þeim rétti með þeim skyldum, er þar greinir.

18. gr.

Áður en manni er veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvirkusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

19. gr.

Skyllt er hæstaréttarlögmönnum að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin. Önnur mál er þeim eigi skyllt að taka að sér fyrir Hæstarétti.

Nú óskar sakaður maður í opinberu máli eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarlögmann, og skal honum þá skipaður sá maður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

II. KAFLI

Um málflutningsmenn.

20. gr.

Ef mál er rekið utan þeirra lögsagnarumdæma, er einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannna nær til, getur aðili falið hverjum lögráða manni, sem hefur almennan andlegan þroska, meðferð máls síns.

21. gr.

Málflutningsmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt. Hafi þeir lokið embættisprófi í lögfræði, mega þeir ganga í Lögmannafélag Íslands, en hvorki hafa þeir atkvæðisrétt um samþykktir eða gjaldskrá félagsins né kosningarrétt eða kjör-gengi í stjórn þess eða lögmansdóm.

22. gr.

Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu. Aðili, er hyggst notfæra sér heimild þessa, skal tilkynna dómsmálaráðherra og Lögmannafélagi Íslands um ráðningu mannsins. Á sama hátt skal tilkynna um brottför hans úr starfi.

23. gr.

Ef málflutningsmaður sætir sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða reynist óhæfur til málflutnings vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem málflutningsmaður er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annarra fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómara þeim, er í hlut á.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnar Lögmannafélags Íslands, hvort málflytjandastarf er samrýmanlegt öðru opinberu starfi. Ef það er metið ósamrýmanlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástætt.

25. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu rekin að hætti opinberra mála. Brot skulu varða sektum, varðhaldi eða fangelsi eftir almennum reglum.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1974.
Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, lög nr. 25 16. febrúar 1953 og lög nr. 32 18. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir lögfræðingar, sem fyrir gildistöku þessara laga hafa lokið tveim af próf-raunum þeim, sem um ræðir í 6. tl. 14. gr. laga nr. 61/1942, skulu fá leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, enda uppfylli þeir önnur skilyrði til þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um málflytjendur var lagt fyrir Alþingi 1972—73 en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, að mestu óbreytt, en þó hefur því ákvæði verið breytt, er helst sætti andmælum utan þings, er málið var til meðferðar á síðasta þingi, þ. e. breytt er ákvæði fyrri frumvarpsins um öflun málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi, en það var á þá leið, að felld voru niður ákvæði um flutning prófmála, en í þess stað kom tveggja ára þjónustutími sem tilkynntur fulltrúi hjá lögmanni. Er með ákvæðum 5. töluliðs 13. greinar þessa frumvarps farin milli-leið, með því að fækka prófmálum úr fjórum í tvö, en jafnframt áskilinn þjónustu-tími í eitt ár, áður en prófmálin eru flutt. Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar á frumvarpinu er efnisbreytingar verða taldar. Fer hér á eftir, efnislega óbreytt, að öðru leyti en varðar framangreint atriði, greinargerð sú er fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi, frá hendi höfundar þess og breytinganna, Benedikt Sigurjónssyni, hæstaréttardómara, svo hljóðandi:

Gildandi lög um málflytjendur eru að meginstofni frá því á árinu 1942. Síðan hefur lögmönnnum fjölgað mjög, bæði þeim lögmönnnum, sem hafa venjuleg lög-mannsstörf að aðalstarfi, og einnig þeim, sem stunda slík störf í hjáverkum með öðrum störfum. Hefur þetta skapað ýmis vandamál.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn, sem hafa á hendi þýðingarmikinn þátt réttarvörzlunnar. Almenningsur verður að geta treyst þeim og átt að þeim aðgang. Af þeim ástæðum verður að gera til þeirra verulegar kröfur um þekkingu og þjálfun

og góða hegðun í starfi. Þá ber og að hafa það í huga, að lögmannsstéttin er oft mjög gagnrýnd og tortryggð, ekki alltaf af réttum ástæðum.

Af þessum ástæðum þykir rétt að leggja til að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum, sem miða eiga að því að styrkja lögmannsstéttina og gera henni kleift að sinna betur verkefnum sínum.

Nokkuð hefur verið litið til erlendra fyrirmýnda, en eigi hefur verið talin ástæða til að taka upp reglur nágrannapjóðanna að verulegu leyti, enda þjóðfélags-hættir aðrir.

Segja má, að meginbreytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði, séu tvær.

Prófraunum héraðsdómslögmannna er fækkað úr fjórum í tvær. Reynslan hefur sýnt, að flestir nýútskrifaðir lögfræðingar reyna strax að loknu prófi að fá sér héraðsdómslögmannsréttindi. Þeir fá lánuð prófmál hjá vinum sínum og velunnurum í lögmannastétt og flytja þau fyrir dómi. Mál þessi hafa þeir sjaldnast haft með að gera áður, ekki aflað frumgagna, ákveðið dómkröfur né haft á hendi gagnasöfnun fyrir dómi. Munu þess dæmi, að efnilegir lögfræðingar hafi lokið lögmannsprófi nokkrum mánuðum eftir lögfræðipróf án þess að hafa unnið annað að málunum en flutt þau munnlega. Nú er það alkunna, að einn þýðingarmesti þáttur í málflutningi er frumvinnan, undirbúningur undir málssóknina, dómkröfugerðin og gagnaöflunin. Í dómsmálum kemur því miður oft fram, að þessir þættir hafa verið vanræktir. Af þessum sökum er lagt til, að prófraunum héraðsdómslögmannna verði fækkað úr fjórum í tvær, en að þau prómál geti próftaki flutt, er hann hefur starfað sem tilkynntur fulltrúi héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns í eitt ár.

Hitt atriðið, sem lagt er til að breytt verði, er framkvæmd agavalds stéttarfélags lögmannna. Til þessa hefur stjórn stéttarfélagsins haft vald þetta á hendi. Er nú lagt til, að innan stéttarfélagsins verði sérstök stofnun, lögmannsdómur, sem hafi þetta vald á hendi. Þá eru reglurnar um agavaldið skýrðar nokkuð og við þær aukið. Er þetta á því byggt, að hollt sé, að samtök lögmanna sjálfra fylgist með félögum sínum og agi þá, ef þá ber út af rétttri braut. Hins vegar er með þessu á engan hátt skertur réttur ríkisvaldsins til að refsa þessum mönnum, ef þeir verða brotlegir við lagareglur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er í meginatriðum samhljóða 5. gr. laga nr. 61/1942. Þó er einkaréttur lögmannna til málflutnings aukinn nokkuð, þannig að hann er nú einnig látinn taka til næsta nágreinnis Reykjavíkur.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 61/1942.

Um 3. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 4. gr. laga nr. 61/1942.

Um 4. gr.

Samkvæmt grein þessari er öllum lögmönnum, er sjálfstæða starfsemi reka, gert að skyldu að hafa opna skrifstofu og þeir skulu tilkynna stjórn stéttarfélags síns og dómsmálaráðherra um skrifstofustað sinn. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 4. gr. laga nr. 32/1962 er nú einungis hæstaréttarlögmönnum skylt að hafa opna skrifstofu.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti með reglugerð ákveðið hvenær lögmannsskrifstofur skuli vera opnar almenningi.

Um 5. gr.

Grein þessi fjallar um sama efni og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 61/1942.

Um 6. gr.

Grein þessi svarar til 3. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 1. gr. laga nr. 32/1962. Þó er nú lagt til, að Lögmannafélaginu skuli tilkynnt um ráðningu fulltrúa og einnig skuli tilkynnt, þegar fulltrúi hættir störfum hjá lögmanni. Þá er lagt til, að sama tilkynningarskylda sé, þegar lögmaður ræður annan lögmann í þjónustu sína.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Svarar til 7. gr. laga nr. 61/1942.

Um 9. gr.

Grein þessi svarar um flest til 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 með þeim breytingum, sem leiðir af því, að lagt er til að agavald verði tekið af stjórninni og falið sérstakri stofnun.

Um 10. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í frv. er gert ráð fyrir, að agavald lögmannna verði aukið og falið sérstakri stofnun, lögmannsdómi.

Um 11. gr.

Grein þessi fjallar um agavald lögmannsdóms og svarar að mestu til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 41/1942. Ákvæði þó gerð nokkru rýmri og skýrari.

Um 12. gr.

Í grein þessari eru teknar hinar almennu reglur um það, hvenær menn missi lögmannsleyfi. Það er fyrst og fremst, er menn missa hin almennu skilyrði til að fá lögmannsleyfi, hirða eigi um að hafa opna skrifstofu og taka að sér störf, sem ekki samrýmast lögmannsstarfi. Í slíkum tilvikum skal lögmaðurinn afhenda dómsmálaráðherra leyfi sitt. Brjóti lögmaður hins vegar af sér getur dómsmálaráðherra svipt hann leyfinu að fengnum meðmælum lögmannsdóms, sem þá skal ætíð fjalla um málið.

Um 13. gr.

Grein þessi svarar til 14. gr. laga nr. 61/1942, sbr. lög nr. 32/1962 og lög nr. 119/1943. Sú meginbreyting er hér á gerð, að prófraunum héraðsdómslögmannna er fækkað.

Á síðari árum hefur það verið venja, að ungir lögfræðingar hafa strax að loknu prófi fengið sér prófmál og fengið síðan leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Má segja að oft skorti þessa menn algjörlega reynslu, en segja má að hún skipti hér verulegu máli. Er því lagt til, að sá, sem starfað hefur á lögmannsskrifstofu í eitt ár og flutt síðan tvö prófmál eða skipaður hefur verið fastur dómari eða má skipa í fasta dómarastöðu, geti fengið leyfi, en þá verður að ætla, að fengin sé hæfileg starfsreynsla, svo að veita megi lögmannsréttindin.

Um 14. gr.

Er samhljóða 15. gr. laga nr. 61/1942.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. laga nr. 61/1942.

Um 16. gr.

Greinin samsvarar 18. gr. laga nr. 61/1942.

Um 17. gr.

Greinin svarar til 1. gr. laga nr. 25/1953 eins og henni var breytt með lögum nr. 32/1962. Felld hefur þó verið niður heimild héraðsdómslögmannna til málflutnings

fyrir Hæstarétti, en þeir, sem þann rétt hafa öðlzt, halda honum. Þá er lagt til, að umsókn fylgi umsögn stjórnar Lögmannafélags Íslands um prófraunarumsóknina.

Um 18. gr.

Greinin samsvarar 10. gr. laga nr. 61/1942.

Um 19. gr.

Greinin svarar til 13. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 5. gr. laga nr. 32/1962.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 19. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 7. gr. laga nr. 32/1962.

Um 21. gr.

Greinin svarar til 20. gr. laga nr. 61/1942.

Um 22. gr.

Greinin svarar til 21. gr. laga nr. 61/1942. Við er bætt skyldu þeirra aðilja, er notfæra sér heimild þessa, til að tilkynna um þessa starfsmenn sína.

Um 23. gr.

Greinin er samhljóða 22. gr. laga nr. 61/1942.

Um 24. gr.

Greinin svarar til 23. gr. laga nr. 61/1942.

Um 25. og 26. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.